

Orkustofnun  
Skúli Thoroddsen  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík



Reykjavík 19. apríl 2016  
UST201604-012/B.S.  
10.05.08

### Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi – Hamarsvirkjun. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um rannsóknarleyfi.

Sótt er um leyfi til að kanna hluta vatnasviðs Hamarsár í Djúpavogshreppi m.t.t. nýtingar. Hér er um nokkuð stóra virkjun að ræða eða 30-70 MW.


Rannsóknarsvæði er stórt og nær frá Hamarsdal og nánast inn að vatnasviði Hraunaveitu.


Fyrirhugaðar rannsóknir skiptast í nokkra áfanga. Fyrsti áfangi mun felast í landmælingum og staðsetningu helstu mannvirkja. Síðari áfangar felast m.a. í ýmsum jarðvegsrannsóknnum og rannsóknnum á umhverfispáttum sem koma til skoðunar við mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að í fyrsta áfanga eigi að velja aðkomu að rannsóknarsvæðinu m.t.t. þess að jarðvegsrannsóknir með stórvirkum vinnuvélum verði eins markvissar og kostur er til að draga úr umferð þessara tækja og minnka áhrif rannsóknarinnar þannig að sýnileg ummerki verði sem minnst ef ekki verður af frekari framkvæmdum á þessu svæði. Einnig verði lögð áhersla á að ganga vel frá öllu raski s.s. rannsóknargryfjum.

Umhverfisstofnun telur rétt að kanna þann möguleika að nýta veg að Sauðárvatni sem aðkomu að efsta hluta rannsóknarsvæðisins.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri